# MAGMA/KVIKA
**Íslensk samtímahönnun**
**Contemporary Icelandic Design**
19. maí – 26. ágúst, 2007

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM



# MAGMA/KVIKA
## Íslensk samtímahönnun

Yfirskrift sýningarinnar Magma/Kvika vísar til samtímahönnunar á Íslandi sem lifandi og kraftmikillar kviku sem lítur ekki á landamæri eða uppruna sem höft heldur upphafspunkt hreyfingar og tækifæra. Þessi kraumandi kvika er uppspretta og undiralda sem endurspeglar stöðu hönnunar á Íslandi í dag og þann kraft sem í henni býr.

Á Íslandi starfa yfir eitt þúsund hönnuðir og fer þeim fjölgandi. Þetta eru arkitektar, grafískir hönnuðir, fatahönnuðir, landslagsarkitektar, húsgagna- og innanhússarkitektar, vöru- og iðnhönnuðir auk fleiri sérhæfðra hönnuða. Sumir vinna á mjög breiðu sviði og eru jafnvel með margfalda hönnunarmenntun. Starfsvettvangurinn er líka fjölbreyttur. Margir starfa á eigin vinnustofum, aðrir hjá fyrirtækjum og enn aðrir reka hönnunarstúdíó. Verk þessa fólks lita íslenskt samfélag en eru einnig hluti af hinum alþjóðlega markaði þar sem íslenskir hönnuðir hafa sótt í stærra samhengi með verk sín.

Sýningunni er ætlað að bregða upp mynd af verkum íslenskra samtímahönnuða en jafnframt er henni ætlað að dýpka vitund áhorfandans um það hvað hönnun er, hvaðan hún kemur og hver hugsunin er að baki verkanna. Verkin á sýningunni koma úr öllum áttum og endurspegla fjölbreytni, andstæður og samruna ólíkra þátta, svo sem hins þjóðlega og hins alþjólega, hins vélræna og hins sjálfsprottna, náttúru og borgar, arfleiðar og frumleika.

Sýningarstjórinn, Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir hönnuður, stundaði nám í húsgagnasmiðideild Iðnskólans í Reykjavík 1991-1994 og myndlistarnám við Myndlistarskólann á Akureyri 2000-2002. Þá hélt hún til Hollands þar sem hún nam hönnun og lauk meistaragráðu frá Design Academy í Eindhoven 2004. Guðrún Lilja hefur rekið hönnunarverkstæði í Reykjavík, Studio Bility, frá árinu 2005 og hefur á undanförnum árum tekið þátt í fjölmörgum sýningum víða um heim. Hún hlaut íslensku Sjónlistarverðlaunin 2006 fyrir hönnun sína.

Alls eiga yfir áttatíu hönnuðir og hönnunarteymi verk á sýningunni en að auki eru kynnt nýsköpunarverkefni fimm hönnuða sem gerð eru sérstaklega fyrir sýninguna. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Hönnunarvettvangs með veglegum stuðningi frá Straumi-Burðarási og Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík 2007 og er fylgt úr hlaði með veglegri sýningarskrá.

# MAGMA/KVIKA

## Contemporary Icelandic Design

**The title of the exhibition, Magma, refers to contemporary design in Iceland as a living and powerful magma that does not view boundaries or origins as obstacles, but rather the starting point of movement and opportunity. This sizzling magma is a resource and an undercurrent that reflects the status of design in Iceland today, and the force within it.**

Today there are over one thousand designers in Iceland and their number is growing. These are architects, graphic designers, fashion and clothing designers, landscape architects, furniture and interior designers, product and industrial designers, in addition to several specialised designers. Some work in broad areas and have even been trained in several different design disciplines. The field of operations is also diverse. Many work in their own individual studios, others with companies, and some run design studios. These peoples' works put their mark on Icelandic society, but they are also a part of the international market that Icelandic designers look to for bigger context for their works.

The exhibition is meant to display the works of contemporary Icelandic designers, and also to enhance the viewers' understanding of what design is, where it comes from and what the ideas are behind the works. The works on the exhibition come from different directions and reflect diversity, contrasts, and fusion of different aspects, such as the national and the international, the mechanical and the organic, nature and city, tradition and originality.

The curator, Gudrún Lilja Gunnlaugsdóttir, designer, studied in the Furniture Manifacturing Department of the Reykjavik Technical College from 1991 to 1994, and visual art at Akureyri School of Visual Art between 2000 and 2002. She then went on to study design in Holland and graduated with a Master's degree from the Design Academy in Eindhoven in 2004. Guðrún Lilja has been running a design studio in Reykjavik, Studio Bility, since 2005 and has participated in numerous exhibitions worldwide. She received the Icelandic Visual Arts Awards 2006 for her designs.

All in all there are works by eighty designers and design teams, in addition to innovative projects by five designers, created especially for this occasion. The exhibition is a collaboration between Reykjavik Art Museum and Iceland Design Forum, with generous support from Straumur-Burdaras and the Ministries of Industry and Commerce, and is a part of the Reykjavik Art Festival 2007. An extensive catalogue for the exhibition is available.

DAGSKRÁ

Laugardag 26. maí kl. 13 - 15
**Málþing**
Fjallað um íslenska hönnun og hugmyndaheim hönnuða samtímans.

Sunnudag 24. júní kl. 15
**Sýningarstjóraspjall**
Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir tekur þátt í leiðsögn um sýninguna.

Laugardag 18. ágúst kl. 13 - 15
**Málþing**
Fjallað um stöðu og gildi íslenskrar hönnunar á innlendum og alþjóðlegum markaði.

Fimmtudaga kl. 12
**Stefnumót við hönnuð**
Alla fimmtudaga er stutt umfjöllun um verk eins hönnuðar.

Sunnudaga kl. 15
**Leiðsögn um sýninguna.**

Hægt er að panta leiðsögn fyrir hópa á íslensku og erlendum tungumálum. Hafið samband við fræðsludeild í síma 590 1200 eða netfang fraedsludeild@reykjavik.is

**Kveikja – Opin listsmiðja**
Norðursalur
Hönnun er hluti af ferli sem oft kviknar af þörf en leiðir síðan til óvæntrar sköpunar. Gestum safnsins er boðið að vinna með áður þekktan nytjahlut og nýta í eigin sköpun.

PUBLIC EVENTS

Saturday 26 May, 13:00 – 15:00
**Panel Discussion**
Icelandic design and the conceptual ideas of contemporary designers.

Sunday 24 June, 15:00
**Curator's Talk**
Curator Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir leads a tour of the exhibition.

Saturday 18 August, 13:00 – 15:00
**Panel Discussion**
Icelandic design on a local and global market.

Thursdays at 12:00
**Gallery Talk**
The works of one designer represented in the exhibition will be introduced.
Delicacies in the Museum's café.

Sundays at 15:00
**Guided tour of the exhibition.**

Note that tours and lectures are in Icelandic.
Guided tours in English available upon request. Contact fraedsludeild@reykjavik.is or call 590 1200 and ask for the Department of Education.

**The Spark – Open Workshop**
For the duration of the Magma exhibition, the North Gallery will house an open workshop where guests are encouraged to create objects using their imaginations with a functional object.

**Listasafn Reykjavíkur**
**Reykjavík Art Museum**
Hafnarhús
Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Tel: +354 590 1200
Fax: +354 590 1201
listasafn@reykjavik.is
www.listasafnreykjavikur.is



Straumur-Burðarás
ODDI
hönnunarvettvangur
Reykjavík Arts Festival 2007